

3. ágúst 2010

Stjórnvaldssekt vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Þann 14. júlí 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Atorku Group hf. vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.).

Þann 10. febrúar 2009 birti Atorka Group hf. tilkynningu, í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins, um að það hefði samið um kyrrstöðu til 20. mars 2009 við eigendur skuldabréfa í flokknum ATOR 07 2 og ATOR 06 1. Af tilkynningu útgefanda var ljóst að kyrrstaðan náði til lokagjalddaga ATOR 07 2 sem var 16. janúar 2009 og vaxtagjalddaga ATOR 06 1 sem var 26. janúar 2009. Félagið birti einnig tilkynningu þann 20. mars 2009 þar sem fram kom að á tímabilinu sem leið frá fyrri tilkynningu félagsins, hefðu fallið vaxtagjalddagar í flokkum ATOR 05 1, ATOR 07 4 og JRDB 04 1 en gjalddagar þeirra voru 15. mars, 13. mars og 17. febrúar 2009. Fram kom að útgefandinn hafði greitt til allra eigenda sem stóðu fyrir utan kyrrstöðusamning félagsins. Upplýsingar um kyrrstöðusamning við skuldabréfaeigendur vegna þessara skuldabréfaflokka höfðu ekki áður verið birtar.

Fjármálaeftirlitið taldi að Atorku hefði borið að birta opinbera tilkynningu um leið og ljóst var að dráttur yrði á afborgunum af skuldabréfum útgefanda í öllum fyrrgreindum skuldabréfaflokkum, en Atorka birti fyrst opinberlega upplýsingar um greiðsludrátt vegna flokks ATOR 07 2 rúmlega þremur vikum eftir að skuldabréfin féllu í gjalddaga og vegna flokks ATOR 06 1 tveimur vikum eftir að skuldabréfin féllu í gjalddaga. Atorka birti fyrst opinberlega upplýsingar um greiðsludrátt vegna flokks ATOR 05 1 fimm dögum eftir að skuldabréfin féllu í gjalddaga, vegna flokks ATOR 07 4 sjö dögum eftir að skuldabréfin féllu í gjalddaga og vegna flokks JRDB 04 1 rúmlega fjórum vikum eftir að skuldabréfin féllu í gjalddaga. Með þessum drætti hefði Atorka brugðist skyldum sínum um að birta upplýsingar um drátt á afborgunum höfuðstóls og/eða vaxta í skuldabréfaflokkunum opinberlega eins fljótt og auðið er, og brotið gegn 1. mgr. 122. gr. vvl., sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar. nr. 630/2005. Þá taldi Fjármálaeftirlitið að Atorku hefði borið að birta opinberlega tilkynningu vegna samkomulagsins við tiltekna eigendur skuldabréfaflokka ATOR 05 1, ATOR 07 4 og JRDB 04 1 um að ekki yrði greitt á gjalddögum skuldabréfanna þar sem það leysir útgefanda ekki undan upplýsingaskyldu að upplýsa einungis eigendur útgefina verðbréfa um fjárhagsörðugleika og vanskil á greiðslum.

Atorka taldi m.a. að upplýsingar um að félagið greiddi ekki af skuldabréfum sínum á gjalddaga hefðu orðið opinberar upplýsingar í skilningi 120. gr. vvl. á þeim degi þegar greiðslufall varð og því hafi félaginu ekki verið skylt að tilkynna um þann atburð. Ljóst væri að þegar greiðslufall hefði orðið á skuldabréfunum urðu upplýsingar um það aðgengilegar öllum helstu fjárfestum á markaði og fjármálafyrirtækjum. Með því urðu upplýsingar um greiðslufall Atorku kunnar leikendum á fjármálamarkaði. Jafnframt taldi Atorka að upplýsingar um samkomulag þess við tiltekna eigendur skuldabréfaflokka ATOR 05 1, ATOR 07 4 og JRDB 04 1 um að ekki yrði

greitt á gjalddögum skuldabréfanna hefðu verið opinberar þegar nefnt samkomulag komst á milli aðila. Þá þegar hafi ekki verið um innherjaupplýsingar að ræða og félagið því ekki skuldbundið til að tilkynna um þær. Áréttaði Atorka að Kauphöllin hafi sett alla skuldabréfaflokka Atorku á athugunarlista vegna óvissu um fjárhagslega stöðu félagsins.

Fjármálaeftirlitið féllst ekki á framangreindar skýringar þar sem upplýsingar er varða réttindi eigenda skuldabréfa, eins og dráttur á afborgunum höfuðstóls og/eða vaxta, teljast til nægjanlega tilgreindra upplýsinga sem eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga ef opinberar væru, sbr. 120. gr. vvl. Þá segir einnig í greininni að upplýsingar teljast opinberar þegar útgefandi fjármálagerninga hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær, sbr. 122. gr. Þegar greiðslufall verður á skuldabréfum eru upplýsingar um það eðli máls samkvæmt einungis á vitorði útgefandans og viðkomandi skuldabréfaeigenda. Upplýsingar um greiðslufall eru því ekki opinberar í skilningi 120. og 122. gr. vvl. enda segir í 1. mgr. 122. gr. vvl. að birta eigi upplýsingar á jafnræðisgrundvelli. Einn megintilgangur reglna um upplýsingaskyldu er að stuðla að því að ávallt liggi fyrir allar upplýsingar sem skipta fjárfesta máli. Aðrir fjárfestar, þ.e. fyrir utan skuldabréfaeigendurna, höfðu ekki aðgang að framangreindum upplýsingum. Með sömu rökum var ekki fallist á rök Atorku um að félaginu hafi ekki borið að birta opinberlega tilkynningu vegna samkomulagsins við tiltekna eigendur skuldabréfaflokka um að ekki yrði greitt á gjalddögum skuldabréfanna þar sem að mati Atorku hafi upplýsingar þess efnis verið opinberar þegar nefnt samkomulag komst á, enda voru umræddar upplýsingar ekki opinberar í skilningi 120. gr. og 122. gr. vvl.

Það var mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að háttsemi Atorku Group hf. hafi farið í bága við 1. mgr. 122. gr. vvl. Brot Atorku Group hf. fellur undir 36. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. og var ákveðið að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar er lítið til alvarleika brots, málsatvika, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvað brot hefur staðið lengi sem og sambærilegra mála. Með hliðsjón af framangreindu ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að gera Atorku Group hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 8.000.000,-.